

OFFITUAÐGERÐIR OG MEÐGANGA

Algengustu aðgerðir við offitu eru magabandsaðgerð, magaermi og magahjáveituraðgerð. Konur, sem hafa farið í aðgerð við offitu og verða barnshafandi, þurfa aukið eftirlit og falla í gulan flokk. Mælt er með að þær hitti fæðingalækni á fyrri hluta meðgöngu og aftur við 34vikna meðgöngu og eða eftir þörfum.

Magabandsaðgerð leiðir sjaldan til alvarlegra fylgikvilla og geta þær konur því verið í mæðravernd í heilsugæslu jafnvel þótt stutt sé frá aðgerð. Nægir að mæla blóðhag, Na, K, Ca og creatinin í upphafi meðgöngu. Hvatt er til að hafa samband við teymið sem sér um eftirfylgd m.t.t þess að stilla af vökvamagn í bandinu.

Eftir aðrar aðgerðir við offitu hafa rannsóknir sýnt lítillega (2%) aukna hættu á fyrirburafæðingum og vaxtarseinkun. Þær aðgerðir auka einnig líkur á snefilefna- og vítamínskorti. Yfirleitt eru engin sérstök vandamál tengd fæðingu og ekki er aukin hætta á burðarmálsdauða.

Ef meira en tvö ár eru frá aðgerð er mæðravernd í heilsugæslunni. Í upphafi meðgöngu eru ýmis næringar- og snefilefni auk annarra efna könnuð í blóðsýni sbr. lista sem birtist í áætlun í rafrænni mæðraskrá. Meta þarf almennt næringarástand ásamt heilsufari fyrir væntanlega meðgöngu. Þegar niðurstöður liggja fyrir er gerð áætlun um eftirlit, ráðgjöf um bætiefni, eftirlit með vaxtarsónar 28v og 34 vikur og mat lagt á hættu á fyrirburafæðingu.

Ef innan við tvö ár frá aðgerð er mæðravernd í samvinnu við eða á kvennadeild.

Blóðrannsóknir sem mælt er með að taka í upphafi meðgöngu er skv. lista sem birtist í áætlun í rafrænni mæðraskrá þar sem tekið er tillit til aðgerðar sem gerð var.

Vítamin og bætiefni sem mælt er með:

- Fólat 800 microgr að 12v meðgöngu
- D-vít. 2000-4000 I.E.
- Kalk/kalsium sitrat 1200 mg
- B12 sterkar
- Járn 100-200 mg annan hvern dag
- Fjölvítamín

MÆÐRAVERND PÍH APRÍL 2021